

Fundargerð

Fimmtudaginn 8. mars kom hafnarnefnd Langanesbyggðar saman til fundar í fundarstofu Langanesbyggðar að Fjarðarvegi 3 á Þórshöfn.

Mættir. Jónas Jóhannsson, formaður, Aðalbjörn Arnarsson og Áki Guðmundsson (í síma frá skrifstofunni á Bakkafirði) . Einnig sat fundinn Björn Ingimarsson, sveitarstjóri.
Fundur hófst kl. 18:00.

Dagskrá.

1. Mál. Framkvæmdir við hafskipabryggju.

Fyrir fundinn lágu upplýsingar frá Siglingastofnun varðandi þrenns konar útfærslu vegna framkvæmda við hafskipabryggju, auk kostnaðarmats. Fram kom að tillaga 1 rúmast trúlega innan þeirrar tillögu að samgönguáætlun sem liggur fyrir Alþingi en tillögur 2 og 3 gera það ekki. Sveitarstjóri gerði einnig grein fyrir fundi er hann átti með starfsmönnum Siglingastofnunar þriðjudaginn 6. mars sl. um ofangreint mál þar sem ræddar voru frekari útfærslur valkosta. Nefndarmenn eru sammála um að tillaga 3 sé vænlegasti kosturinn til lengri tíma lítið en náist sá kostur ekki fram skuli velja valkost 1. Sveitarstjóra falið að vinna að framgangi málsins miðað við að niðurstaða liggi fyrir um miðja næstu viku.

2. Mál. Erindi frá Þistil varðandi olíufagreiðslu.

Samþykkt að mæla með erindinu með fyrirvara um staðsetningu á búnaði.

3. Mál. önnur mál.

Ekkert lá fyrir undir þessum lið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:45.

Björn Ingimarsson, ritari.